


Alþingi
Erindi nr. D 140/879
komudagur 9.1. 2012



Álit til Efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að samþykkja hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og til að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á stofnskrá sjóðsins.

304. mál

Efni:

Stofnfé Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem jafnan er nefnt kvóti, er endurskoðað með reglulegu millibili, venjulega á fimm ára fresti. Núverandi heimild til hækkunar er í tengslum við 14. endurskoðun á stofnfé Sjóðsins sem miðar að tvöföldun á heildarkvótum sjóðsins. Samhliða því að stofnféð tvöfaldast breytist vægi einstakra landa innan sjóðsins þar sem hlutur þróaðra iðnríkja, s.s. Bandaríkjanna, Bretlands og Frakklands, minnkar hlutfallslega en hlutur þróaðra nýmarkaðsríkja, s.s. Kína, Rússlands og Indlands, eykst hlutfallslega á sama tíma. Hlutur hinna fátækari ríkja helst óbreyttur. Er breytt vægi til samræmis við breytingar á efnahagslegu vægi viðkomandi ríkja. Kvóti hvers lands skiptir máli þar sem lánsheimildir taka mið af stærð kvóta hvers aðildarlands með ákveðnu margfeldi auk þess að atkvæðavægi við stjórn sjóðsins fara kvótaframlagi hvers lands.

Gert er ráð fyrir því að kvóti Íslands hækki úr 117,6 milljónum SDR í 321,8 milljónir SDR, sem jafngildir hækkun upp á um 37 milljarða króna en samtals verður kvóti Íslands þá um 58 milljarðar króna miðað við meðalgengi SDR árið 2011. Hlutdeild Íslands í kvótum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hækkar þar með úr 0,055% í 0,067% enda er kvóti einstakra ríkja nú reiknaður með nýrri formúlu

Hin nýja kvótaformúla AGS er vegið meðaltal af 5 einkennum. Vægið reiknast sem 50% af landsframleiðslu, 30% af utanríkisviðskiptum, 15% af breytileika landsframleiðslu og 5% af gjaldeyrisforða. Reikningurinn er gerður með á grundvelli bæði markaðsgengis viðkomandi þjóðargjaldmiðils sem PPP leiðréttu gengi. Ef kvóti Íslands er reiknaður samkvæmt hinni nýju formúlu ætti vægið að vera um 0,1% en ekki 0,067%. Það sem vegur hér inn í er að samhliða hinni nýju kvótaformúlu hefur verið ákveðið að auka vægi nýmarkaðslanda, einkum hinna uppvaxandi efnahagsstórvelda Kína, Rússlands og Indlands. Af þeim sökum hækkar kvóti Íslands aðeins um 0,012 prósentur.

Í grundvallaratriðum starfar AGS líkt og sparisjóður alþjóðasamfélagsins þar sem einstök lönd leggja inn fjármagn sem innistæðu- kvóta – til sjóðsins sem stofnfé sem hann getur síðan aftur lánað út til landa sem eru í lausafjóranda. Nánar tiltekið er kvótaframlagið í tveim hlutum. En einn fjórði greiðist í SDR eða alþjóðlegum myntum sem verður að gjaldeyrisinnistæðu hjá AGS. Nýtt framlag Íslands yrði að þessu leyti að jafnvirði um 9.25 milljarðar króna. Þetta framlag er laust til útborgunar frá AGS – líkt og hver önnur innistæða – ef þörf kallar og telst því áfram hluti af gjaldeyrisforða landsins. Aftur á móti eru ¾ af auknu stofnfé í íslenskum krónum eða sem svarar 27,8 milljörðum króna. Þetta eru fjármunir sem AGS mun hafa aðgang að sem innistæðu hjá Seðlabanka Íslands og samsvarar því skuld bankans við Sjóðinn. Hrein áhrif á efnahagsreikning Seðlabankans eru þó engin þar sem kvótaeignin í stofnfé AGS er færð sem eign á móti. Áhrif á hreina skuldastöðu landsins af kvótaaukningu Íslands hjá AGS eru því engin.

Fræðilega séð hefur AGS rétt til þess að lána út allt stofnfjárframlag Íslands. Hins vegar er mjög ólíklegt að sjóðurinn muni nokkurn tíma ganga á krónueign sinni í Seðlabanka Íslands til útlána og því

GAM Management hf (GAMMA)
Klapparstíg 29
101 Reykjavík
Sími: 519-3300

ólíklegt að sú innistæða verði nokkurn tíma hreyfð. Ástæðan er sú að íslenska krónan telst ekki til grunnmynta sjóðsins sem miðað er við í lánaviðskiptum sjóðsins. Einu möguleikarnir á því að gengið yrði á þennan hluta stofnfjárframlagsins væri ef íslenska krónan yrði hluti af grunnmyntum sjóðsins eða þá ef að einstakur lánveitandi sjóðsins óskaði sérstaklega eftir lánnum í íslenskum krónum. Bæði telst ansi hæpið að gerist.

Hvað varðar þann fjórðung sem situr sem innistæða hjá sjóðnum verður hann hluti af lausafjárstöðu sjóðsins sem hægt er að nýta til útlána, líkt og innistæða hjá hverri annarri lánastofnun, sem jafnframt er hægt að taka út ef nauðsyn krefur.

Áhætta Íslands vegna stofnfjárframlags til AGS er sama eðlis og stofnfjáreign í sparissjóði – þ.e. útlánatap getur höggvið skarð í stofnféð og þannig leitt til taps fyrir íslenska ríkið. Það er síðan annað mál hve sá möguleiki er raunverulegur að grípa verði til afskrifta af stofnfénu vegna útlánataps.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gegnir hlutverki sem eins konar lánveitenda til þrautarvara á alþjóðavettvangi þar sem honum er ætlað að bregðast við lausafjávanda einstakra landa, gjaldeyriskreppu og svo framvegis. Sjóðnum er aftur á móti ekki ætlað fjármagna ríkissjóði einstakra landa til langs tíma heldur aðeins veita skammtímaaðstoð til ríkja í greiðsluvanda. Lánin eru yfirleitt veitt með mjög ströngum skilyrðum um aðgerðir í ríkisfjármálum, löndin standi við alþjóðaskuldbindingar og svo framvegis. Þessi skilyrði gegna meðal annars því hlutverki að lágmarka útlánaáhættu sjóðsins.

Aðstoð sjóðsins skiptir mestu máli fyrir lönd sem hafa tiltölulega veika gjaldmiðla sem hafa ekki greiðsluhæfi utan landamæra þeirra landa sem prenta þá. En slík lönd hafa yfirleitt ekki þann möguleika að geta staðið straum af skuldbindingum og greiðslum á alþjóðavettvangi með eigin gjaldmiðli og búa jafnframt við brothættan gjaldeyrismarkað.

Um mikilvægi AGS fyrir Ísland ætti ekki að þurfa að fjölyrða. Ísland hefur fimm sinnum fengið lán hjá sjóðnum vegna lausafjávandræða á hérlendum gjaldeyrismarkaði, þ.e. árið 1960, 1967-68, 1974-76, 1982 og nú síðast 2008. AGS tryggir greiðsluhæfi íslenska myntsvæðisins upp að ákveðnu lágmarki og tilvist Sjóðsins er því ein af forsendunum fyrir því að hægt sé að reka Ísland sem sjálfstætt myntkerfi.

Fyrirkomulag við hækkun stofnfjárframlags Íslands verður að telja mjög lítt íþyngjandi fyrir landið þar sem ¾ af aukningunni er í íslenskum krónum verða áfram til staðar í Seðlabanka Íslands. Verður það að teljast fremur hagstæð býtti að leggja fram loforð um íslenskar krónur sem gefur rétt á margfaldri lausafjáfyrirgreiðslu í myntum með alþjóðlegt greiðsluhæfi ef í nauðirnar rekur.

Dags. 6. janúar 2011

Álitið unnu af hálfu GAMMA:
dr. Ásgeir Jónsson, hagfræðingur
Gísli Hauksson, hagfræðingur